

Nr. 17-106 S 081 Kristín AK 30**Vélarvana og dregin til hafnar***Skipaskr.nr.*

5909

Útgerð: Kristín sf.*Smíðaður:* Mótun, 1978, trefjaplast.*Stærð:* 4,22 brl. 5,45 bt.*Mesta lengd:* 9,42 m *Skráð lengd:* 8,90 m*Breidd:* 2,22 m *Dýpt:* 1,14 m*Vél:* Mercruiser, 85,3 kw, 1979.*Fjöldi skipverja:* 1

Kristín©Guðmundur Hafsteinsson

Gögn:*Gögn RNSA*

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasoni, Hilmi Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júlí 2017 var Kristín AK 30 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SA 5 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Græðir BA 29 dró Kristínu til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að bakteríugróður í eldsneytistank stíflaði eldsneytiskerfið;
- að eldsneytistankurinn var hreinsaður og skipt um eldsneytissíur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Vegna tíðra atvika af þessum toga vill nefndin benda sjómönnum á grein eftir Guðmund Einarsson sem ber heitið „Fróðleikur Örverur í brennsluolíu“ á eftirfarandi vefsíðu: <http://notendur.snerpa.is/gudmund/bakteriurl.html>

